Starfsáætlun: Umsögn leikskóladeildar

Skólaárið 2024-2025

Leikskólinn Aðalþing

Tengsl við námskrá: Áhugavert og fjölbreytt starf sem unnið er í góðum tengslum við námsskrá leikskólans, markmið og gildi. Starfið í Aðalþingi byggir á Aðalnámskrá leikskóla og hugmyndafræði sem kennd e við Loris Malaguzzi frá bænum Reggio Emilia á Ítalíu. Grundvallargildi Aðalþings eru mannhelgi, virðing, hlustun, framsækni, umönnun og áskorun.

Endurmat – umbótaáætlun: Mati á skólastarfinu eru gerð góð skil, námskráin er í stöðugu mati og endurskoðun, uppeldisfræðilegar skráningar í formi ritaðs máls, ljósmynda, myndbanda og fundargerða eru nýtt til umbótamiðaðs mats. Umbótaáætlun byggir á niðurstöðum mats og tillögum starfsmanna til úrbóta í henni kemur meðal annars fram að starf listgreinakennara verða sérstaklega skoðað og Stefna Aðalþings um mál og læsi verður uppfærð og aðlöguð að þeirri þróun sem unnið er að miðlægt innan sveitarfélagsins.

Þróunar- og nýbreytnistarf: Leikskólinn Aðalþing er rannsóknarleikskóli og er skólastarfið í stöðugri þróun þar sem þróunarverkefni eru nýtt til efla skólastarfið. Skólinn er í formlegu rannsóknar og þróunarsamstarfi með stofnunum í Reggio Emilia, sem er einstakt af hálfu Reggio. Skólinn er hluti af þróunarsamstarfinu Still um hæglátt leikskólastarf og hefur unnið að eiturefnaleysi síðan 2015. Í vor fékk Aðalþing Svansvottun á matinn og eldhúsið, en skólinn er fyrsti og eini skólinn sem fengið slíka vottun.

Endur - og símenntunaráætlun: Símenntunaráætlun skólans er aðallega skipulögð og sótt til háskólanna á Íslandi en umfangsmikil símenntun fer einnig fram á fagfundum sem ganga undir nafninu Pedfundir. Skipulagsdagar eru jafnframt nýttir til endurmenntunar og undanfarin ár hefur starfsfólk farið í námsferð á vorin til skóla erlendis sem hafa leitt af sér einstakt samstarf í skólaþróun og rannsóknarsamstarfi.

Börn: Kærleikur, áskoranir, hvatning, umhyggja, virðing, hlustun og mikill metnaður er til að skapa gott námsumhverfi, mæta áhuga og þörfum þeirra í leikskólanum. Starfið snýst fyrst og fremst um börnin sem þar eru, líðan þeirra og þroska. Þau fá tækifæri til að styrkja hugmyndir sínar um sjálft sig, efla eigin getu og unnið með lykilhugtök eins og lýðræði/valdeflingu, náttúru, og upplýsingatækni.

Barnasáttmálinn – Heimsmarkmið: Starf Aðalþings einkennist að lýðræðislegum starfsháttum þar sem börn eru hvött til að spyrja spurninga, finna hvað vekur hjá þeim áhuga, kenna þeim að takast á við hið óþekkta, bera ábyrgð á sjálfu sér, að mikilvægasta umbunin er oft verkið sjálft og að kenna barninu að setja sig í spor annarra. Þetta einkennir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, er eitthvað sérstaklega tengt við hann og er unnið að innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í leikskólanum?

Starfsmenn: Starfsmannastefna Aðalþings leggur áherslu á að nýta mannauðinn, finna styrkleika hvers og eins og vinna með þá. Byggja upp sterkan og samhentan hóp starfsfólks

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

sem þorir, getur og vill. Í Aðalþingi er meirihluti starfsfólks kennarar eða um 73% og uppfyllir því vel lög.

Foreldrar: Áherslur í samstarfi við foreldra virka vel, lögð er áhersla á gott samstarf þar sem það er talið eitt að undirstöðuatriðum að góðu leikskólastarfi. Mikilvægi persónulegra tengsla sem og gott upplýsingaflæði með nútímatækni til að foreldrar geti fylgst með daglegu starfi. Unnin hefur verið handbók um foreldrasamstarf í leikskólanum. Í leikskólanum eru bæði foreldraráð og foreldrafélag.

Annað: Metnaðarfullt og öflugt starf er unnið í Aðalþingi og má geta þess að um fjórðu hlutar starfsmanna eru kennaramenntaðir og hefur það gefið skólanum færi að tryggja gæði starfsemi og börnunum bestu mögulegu umönnun og menntun sem völ er á.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026